

Reglugerð um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um reglulegar upplýsingar útgefenda fjármálagerninga, aðrar skyldur útgefenda um veitingu upplýsinga, breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun), meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja, sbr. VII., VIII., IX. og XIII. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

II. KAFLI Breyting á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun).

2. gr.

Flöggunarskylda við sérstakar aðstæður.

Flöggunarskylda sem stofnast í kjölfar aðstæðna sem tilgreindar eru í 1. tölul. 79. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti hvílir sameiginlega á öllum aðilum samkomulags.

Flöggunarskylda sem stofnast í kjölfar aðstæðna sem tilgreindar eru í 2.-8. tölul. 79. gr. laga nr. 108/2007 hvílir á sérhverjum eiganda eða sérhverjum einstaklingi eða lögaðila sem tilgreindur er í 79. gr., eða báðum, í þeim tilvikum sem hlutfall atkvæðisréttar sem hvor aðili fer með nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert þeirra marka sem tilgreind eru í 1. mgr. 78. gr. sömu laga.

3. gr.

Flöggunarskylda vegna fjármálagerninga.

Með formlegu samkomulagi í 1. mgr. 80. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti er átt við samkomulag sem telst bindandi að lögum.

Vegna tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 108/2007 skal aðili leggja saman og tilkynna alla fjármálagerninga sem hann fer með, með beinum eða óbeinum hætti, og varða hvern einstakan útgefanda.

4. gr.

Efni tilkynningar vegna fjármálagerninga.

Tilkynning skv. 80. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- atkvæðisrétt eftir breytingu,
- eignatengsl við dótturfélög þar sem flöggunarskyldur aðili hefur yfirráð yfir atkvæðisréttinum, ef við á,
- dagsetningu þegar flöggunarskylda stofnaðist,
- þann dag eða það tímabil þar sem hluta verður aflað eða er heimilt að afla, ef við á, vegna fjármálagerninga með tilteknum gildistíma,
- dagsetningu uppgjörs eða endalok gildistíma fjármálagerningsins,
- fullt nafn handhafa fjármálagerningsins og
- nafn undirliggjandi útgefanda.

Hlutfall atkvæðisréttar eftir breytingu, sbr. a-lið 1. mgr., skal reiknað út á grundvelli heildarfjölda atkvæðisréttar og nafnverði hlutafjár eins og það var síðast birt opinberlega skv. 84. gr. laga nr. 108/2007.

Ef fjármálagerningur tengist hlutum í fleiri en einum útgefanda, skal senda sérstaka tilkynningu til sérhvers útgefanda.

5. gr.

Viðskiptadagatal.

Íslenskt viðskiptadagatal gildir gagnvart útgefendum með Ísland sem heimaríki hvað varðar:

- a. frest flöggunarskylds aðila til að tilkynna skv. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti,
- b. frest útgefanda til að birta upplýsingar í tilkynningu skv. 87. gr. laganna og
- c. frest útgefanda til að birta upplýsingar vegna öflunar eða ráðstöfunar á eigin hlutum skv. 93. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitið skal birta á heimasíðu sinni viðskiptadagatal allra skipulegra verðbréfamarkaða sem staðsettir eru eða starfræktir innan lögsögu þess.

6. gr.

Hámarkslengd venjulegs stutts greiðslutímabils.

Hámarkslengd venjulegs stutts greiðslutímabils skv. 1. mgr. 88. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti skal vera þrír viðskiptadagar frá viðskiptum (T+3).

7. gr.

Eftirlit vegna viðskiptavaka.

Viðskiptavaki sem hyggst nýta heimild 90. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, til undanþágu frá flöggunarskyldu, skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu að hann vakti eða hyggist vakta tiltekinn útgefanda eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að vöktun hefst. Þegar viðskiptavaki hættir að vakta útgefanda skal viðskiptavakinn tilkynna Fjármálaeftirlitinu það.

Óski Fjármálaeftirlitið eftir því við viðskiptavaka sem hyggst nýta heimild 90. gr. laga nr. 108/2007 til undanþágu frá flöggunarskyldu að hlutir eða fjármálagerningar sem nota á til viðskiptavöktunar skuli sérgreindir, skal sérgreiningin framkvæmd með þeim hætti að unnt sé að ganga úr skugga um að hún sé fullnægjandi.

Óski Fjármálaeftirlitið eftir því skal viðskiptavaki afhenda samninginn sem gerður var við útgefanda um viðskiptavöktunina skv. 116. gr. laga nr. 108/2007.

8. gr.

Undanþáguheimildir móðurfélags.

Móðurfélag rekstrarfélags eða fjármálafyrirtækis sem nýtir heimild til undanþágu við framkvæmd flöggunarskyldu skv. 91. eða 92. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti er óheimilt, með beinum eða óbeinum fyrirmælum eða með öðrum hætti, að hafa áhrif á hvernig atkvæðisréttar hjá rekstrarfélaginu eða fjármálafyrirtækinu er neytt. Móðurfélaginu ber að tryggja að viðkomandi rekstrarfélagi eða fjármálafyrirtæki sé frjálst að beita atkvæðisrétti vegna þeirra eigna sem það stýrir óháð móðurfélaginu.

Með beinum fyrirmælum í 1. mgr. er átt við hvers konar fyrirmæli móðurfélags, eða annars dótturfélags þess, sem tilgreina hvernig atkvæðisréttur skuli nýttur af hálfu rekstrarfélags eða fjármálafyrirtækis í tilteknu tilviki.

Með óbeinum fyrirmælum í 1. mgr. er átt við hvers konar almenn eða sértæk fyrirmæli móðurfélags, eða annars dótturfélags þess, óháð formi þeirra, sem takmarka sjálfræði rekstrarfélags eða fjármálafyrirtækis varðandi nýtingu atkvæðisréttar sem gefin eru í þeim tilgangi að þjóna tilteknum viðskiptahagsmunum móðurfélagsins eða annars dótturfélags þess.

9. gr.

Upplýsingaskylda móðurfélags vegna undanþáguheimildar.

Móðurfélag rekstrarfélags eða fjármálafyrirtækis sem hyggst nýta heimildir til undanþágu við framkvæmd flöggunarskyldu skv. 91. eða 92. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti skal án tafar senda Fjármálaeftirlitinu:

- a. lista yfir heiti viðkomandi rekstrarfélaga og fjármálafyrirtækja og upplýsingar um lögbær stjórnvöld sem eftirlit hafa með þeim, ef við á, og
- b. yfirlýsingu móðurfélagsins þess efnis að það hlíti skilyrðum 1. mgr. 8. gr. vegna sérhvers rekstrarfélags eða fjármálafyrirtækis á listanum. Þetta á þó ekki við ef undanþága skv. 91. eða 92. gr. laga nr. 108/2007 er eingöngu nýtt í tengslum við fjármálagerninga skv. 80. gr. laganna.

Móðurfélag skal sjá til þess að upplýsingar skv. a-lið 1. mgr. séu uppfærðar með viðvarandi hætti.

10. gr.

Skyldur móðurfélags gagnvart Fjármálaeftirlitinu.

Móðurfélag rekstrarfélags eða fjármálafyrirtækis skal, að mati Fjármálaeftirlitsins, staðfesta að skipulag móðurfélagsins og viðkomandi rekstrarfélags eða fjármálafyrirtækis sé með þeim hætti að hin síðastnefndu neyti atkvæðisréttar sjálfstætt og óháð móðurfélaginu og að þeir einstaklingar sem fara með atkvæðisréttinn starfi sjálfstætt.

Skilyrði 1. mgr. um að rekstarfélag eða fjármálafyrirtæki neyti atkvæðisréttar sjálfstætt og óháð móðurfélaginu skal að minnsta kosti fela í sér að móðurfélagið og viðkomandi rekstarfélag eða fjármálafyrirtæki setji sér skriflegar reglur og verklag sem komi í veg fyrir skipti á upplýsingum á milli fyrirtækjanna um nýtingu atkvæðisréttar.

Ef móðurfélag er víðskiptavinur rekstrarfélags eða fjármálafyrirtækis síns, eða á eignarhlut í þeim eignum sem rekstarfélagið eða fjármálafyrirtækið stýrir, skal móðurfélagið geta sýnt Fjármálaeftirlitinu fram á að til séu skýr skrifleg fyrirmæli um víðskipti milli móðurfélagsins og rekstrarfélagsins eða fjármálafyrirtækisins sem taki mið af víðskiptum á milli óskyldra aðila (armslengdarsjónarmiðum).

III. KAFLI

Opinber birting upplýsinga skv. VII.-IX. og XIII. kafla laga nr. 108/2007.

11. gr.

Opinber birting.

Útgefandi verðbréfa skal birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar samkvæmt VII.-IX. og XIII. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, sbr. 62. gr., 73. gr., 95. gr., 122. gr. og 127. gr. laganna. Upplýsingunum skal dreift með þeim hætti að þær geti náð til eins margra og kostur er í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu samtímis.

Upplýsingar skulu sendar fjölmiðlum í óstyttnum orðréttum texta. Þegar um ræðir ársreikning, árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og greinargerð frá stjórn skv. 59. gr. laga nr. 108/2007 telst opinber birting þó fullnægjandi ef tilkynning um upplýsingarnar er send fjölmiðlum og í henni greinir tilvísun til vefsíðu þar sem unnt er að nálgast þær.

Upplýsingar skulu sendar fjölmiðlum með aðferð sem tryggir örugg samskipti, lágmarkar hættu á óheimilum aðgangi og veitir fullvissu um uppruna upplýsinganna. Öryggi móttöku upplýsinga skal tryggt með því að bæta eins fljótt og kostur er úr hvers konar misbresti eða röskun á samskiptum við miðlun upplýsinga. Útgefandi fjármálagerninga sem teknir hafa verið til víðskipta á skipulegum markaði, aðili sem óskað hefur eftir töku fjármálagerninga útgefanda til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda,

eða útgefandi fjármálagerninga sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) er ekki ábyrgur vegna tæknilegra bilana eða galla hjá fjölmiðli sem upplýsingum hefur verið miðlað til.

- a. Upplýsingar sem þannig eru veittar fjölmiðlum skulu bera eftirfarandi skýrlega með sér:
- b. að um upplýsingar sem skylt er að birta opinberlega sé að ræða,
- c. hver viðkomandi útgefandi er,
- d. efni upplýsinganna og
- e. tímasetningu og dagsetningu miðlunar þeirra.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um hvað telst fjölmiðill samkvæmt þessum kafla.

12. gr.

Fjármálaeftirlitið getur krafist útgefanda fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, aðila sem óskað hefur eftir töku fjármálagerninga útgefanda til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda eða útgefanda fjármálagerninga sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) um neðangreind atriði í tengslum við sérhverja opinbera birtingu tilkynningaskyldra upplýsinga:

- a. fullt nafn þess einstaklings sem miðlaði upplýsingunum til fjölmiðla,
- b. staðfestingu uppruna tilkynningar,
- c. tíma og dagsetningu miðlunar upplýsinga til fjölmiðla,
- d. hvaða miðill var notaður til miðlunar upplýsinganna og
- e. nákvæmar upplýsingar um hvers konar takmarkanir sem útgefandi hefur lagt á upplýsingarnar, ef við á.

13. gr.

Samhliða opinberri birtingu skal upplýsingum miðlað til Fjármálaeftirlits.

Samhliða opinberri birtingu upplýsinga skv. VII.-IX. og XIII. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 62. gr., 73. gr., 95. gr., 122. gr. og 127. gr. laga nr. 108/2007. Um sendingarhátt og móttöku upplýsinganna, auk forms tilkynninga, fer samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins.

IV. KAFLI

Opinber fyrirmæli ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins.

14. gr.

Ársreikningaskrá og Fjármálaeftirlitið.

Ársreikningaskrá metur hvort kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins teljist hliðstæðar ákvæðum laga nr. 3/2006 um ársreikninga með hliðsjón af 15.-19. gr. reglugerðar þessarar og hvort tímabundin undanþága 20. gr. reglugerðarinnar eigi við gagnvart útgefanda, sbr. 3. mgr. 61. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Fjármálaeftirlitið metur hvort kröfur samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins teljist hliðstæðar ákvæðum laga nr. 108/2007, með hliðsjón af 21.-26. gr. reglugerðar þessarar, sbr. 3. mgr. 72. gr. og 4. mgr. 94. gr. laga nr. 108/2007.

15. gr.

Hliðstæðar kröfur um skýrslu stjórnar.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur til ársreikninga og um skýrslu stjórnar, sbr. III. og VI. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga, ef bindandi opinber fyrirmæli ríkisins mæla fyrir um að skýrsla stjórnar innihaldi a.m.k. eftirtaldar upplýsingar:

- a. glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri útgefanda og stöðu hans og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem útgefandi stendur frammi fyrir, þannig að yfirlitið geymi skýra greiningu á fyrrgreindum þáttum, í samræmi við stærð og umfang rekstrarins,
- b. upplýsingar um mikilvæga atburði sem átt hafa sér stað frá lokum reikningsársins og
- c. upplýsingar um líklega framtíðarþróun útgefanda.

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að skilja þróun, árangur og stöðu útgefanda skal yfirlit skv. a-lið 1. mgr. innihalda helstu fjárhagslegu lykilmælikvarða vegna viðkomandi rekstrar, svo og ófjárhagslega mælikvarða, ef við á.

16. gr.

Hliðstæðar kröfur um árshlutaskýrslu stjórnar vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur um árshlutaskýrslu stjórnar vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, sbr. 87. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, ef bindandi opinber fyrirmæli ríkisins mæla fyrir um árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins í stytta formi, sbr. 2. mgr. 87. gr. a. sömu laga, auk árshlutaskýrslu stjórnar vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins og að viðkomandi árshlutaskýrsla stjórnar innihaldi a.m.k. eftirtaldar upplýsingar:

- a. yfirlit yfir viðkomandi tímabil,
- b. upplýsingar um líklega framtíðarþróun útgefanda á þeim sex mánuðum sem eftir eru af reikningsárinu og
- c. í tilviki útgefanda hlutabréfa, upplýsingar um viðskipti tengdra aðila, ef slíkum upplýsingum er ekki þegar miðlað með viðvarandi hætti.

17. gr.

Hliðstæðar kröfur um ábyrgð á árshlutareikningi og árshlutayfirlýsingu stjórnarmanna.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur um árshlutareikning og árshlutayfirlýsingu stjórnarmanna, sbr. 87. gr. a. og 87. gr. c. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, ef bindandi opinber fyrirmæli ríkisins mæla fyrir um að hjá útgefanda séu einn eða fleiri einstaklingar ábyrgir fyrir árshlutareikningnum vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, þar á meðal því að árshlutareikningurinn sé saminn í samræmi við viðeigandi reglur eða reikningsskilastaðla og því að yfirlitið í skýrslu stjórnar gefi glögga mynd af stöðu útgefanda.

18. gr.

Hliðstæðar kröfur um samstæðureikningsskil.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur um skyldu útgefanda til að semja samstæðureikning, sbr. 67. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, þegar bindandi opinber fyrirmæli þess ríkis gera samningu ársreiknings dótturfélags móðurfélagsins ekki að skilyrði en sérhver útgefandi með skráða skrifstofu í viðkomandi ríki skal, þegar hann semur samstæðureikning, veita neðangreindar upplýsingar um móðurfélagið:

- a. útreikning arðs og getu til að greiða arð, þegar um ræðir útgefendur hlutabréfa og

b. um lágmarks hlutafé, lágmarks eigið fé og gjaldþol, ef við á.

Auk þess sem greinir í 1. mgr. verður útgefandi jafnframt að geta afhent lögbæru stjórnvaldi í heimaríki sínu á Evrópska efnahagssvæðinu, skv. 3. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, endurskoðaðar viðbótarupplýsingar um reikningsskil útgefandans sjálfs í samræmi við upplýsingar skv. a- og b-lið 1. mgr. Framangreindar viðbótarupplýsingar mega vera samdar í samræmi við bindandi opinber fyrirmæli viðkomandi ríkis skv. 1. mgr.

19. gr.

Hliðstæðar kröfur um ársreikning móðurfélags.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur um ársreikning móðurfélags, sbr. lög nr. 3/2006 um ársreikninga, ef bindandi opinber fyrirmæli ríkisins mæla ekki fyrir um að útgefanda með skráða skrifstofu í viðkomandi ríki sé skylt að semja samstæðureikning, en honum er skylt að semja ársreikning móðurfélags í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem viðurkenndir eru á Evrópska efnahagssvæðinu skv. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, eða í samræmi við sambærilega innlenda reikningsskilastaðla viðkomandi ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ef ársreikningur útgefanda er ekki í samræmi við þá staðla sem vísað er til í 1. mgr. verður að leggja hann fram í formi endurgerðs ársreiknings.

Ársreikningur skv. 1. mgr. skal vera endurskoðaður sjálfstætt.

20. gr.

Tímabundin undanþága frá kröfu um hliðstæð ákvæði vegna samstæðureikningsskila.

Gagnvart útgefendum með skráða skrifstofu í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins gildir 2. mgr. 61. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti einungis um samstæðureikningsskil útgefanda fyrir þau rekstrarár sem hefjast í janúar 2009 eða síðar. Fram til þess tíma er útgefanda með skráða skrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins því heimilt að semja samstæðureikning og árshlutareikning samstæðu vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum í því ríki sem hann er með skráða skrifstofu, þótt þau teljist ekki hliðstæð ákvæðum laga um ársreikninga, ef eitt af eftirtöldum skilyrðum er uppfyllt:

1. Skýringar með reikningsskilum innihalda afdráttarlausa og ótakmarkaða yfirlýsingu um að þau fari eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal 1 (IAS-staðal 1).
2. Reikningsskilin eru samin í samræmi við reikningsskilareglur (GAAP) í Bandaríkjunum, Japan eða Kanada.
3. Reikningsskilin eru samin í samræmi við reikningsskilareglur (GAAP) í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins öðru en Bandaríkjunum, Japan eða Kanada, og eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:
 - a. Viðkomandi ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem ber ábyrgð á þeim innlendu reikningsskilastöðlum sem um ræðir, hefur skuldbundið sig með opinberum hætti og fyrir upphaf þess reikningsárs sem reikningsskilin varða, til þess að samræma staðla sína alþjóðlegum reikningsskilastöðlum,
 - b. stjórnvöld í viðkomandi ríki hafa sett á fót vinnuáætlun sem sýnir fram á þá fyrirætlan að ná samræmingu reikningsskilastaðla fyrir 31. desember 2008, og
 - c. hlutaðeigandi útgefandi aflar gagna sem ársreikningaskrá metur fullnægjandi um að skilyrði a- og b-liðar séu uppfyllt.

21. gr.

Hliðstæðar kröfur um greinargerð frá stjórn.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur um greinargerð frá stjórn, sbr. 59. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, ef bindandi opinber fyrirmæli ríkisins mæla fyrir um að útgefanda beri að semja árshlutareikning vegna fyrstu þriggja og fyrstu níu mánaða reikningsársins.

22. gr.

Hliðstæðar kröfur um frest útgefanda til að birta upplýsingar í tilkynningu.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur um frest útgefanda til að birta upplýsingar í tilkynningu opinberlega, sbr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, ef bindandi opinber fyrirmæli ríkisins mæla fyrir um að samanlagður frestur flöggunarskylds aðila til að senda útgefanda með skráða skrifstofu í viðkomandi ríki tilkynningu og frestur útgefandans til að birta tilkynninguna opinberlega skuli vera sjö víðskiptadagar eða minna.

23. gr.

Hliðstæðar kröfur um eigin hluti.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur um eigin hluti útgefanda, sbr. 93. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, þegar bindandi opinber fyrirmæli ríkisins mæla fyrir um að útgefandi með skráða skrifstofu í ríkinu:

- a. megi eiga allt að 5% af eigin hlutum sem atkvæðisréttur fylgir og verði tilkynningarskyldur þegar þessu marki er náð eða farið er yfir það,
- b. megi eiga 5-10% af eigin hlutum sem atkvæðisréttur fylgir og verði tilkynningarskyldur þegar 5% mörkunum eða efri mörkunum er náð eða farið er yfir þau,
- c. megi eiga meira en 10% af eigin hlutum sem atkvæðisréttur fylgir og verði tilkynningarskyldur þegar 5% eða 10% mörkunum er náð eða farið er yfir þau.

24. gr.

Hliðstæðar kröfur um breytingar á hlutafé eða atkvæðisrétti.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur um breytingar á hlutafé eða atkvæðisrétti, sbr. 84. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, ef bindandi opinber fyrirmæli ríkisins mæla fyrir um að útgefandi með skráða skrifstofu í viðkomandi ríki verði að birta opinberlega breytingar á heildarfjölda hluta og heildarfjölda atkvæða innan 30 daga frá því að hækkun eða lækkun hlutafjár og/eða fjölgun eða fækkun atkvæða á sér stað.

25. gr.

Hliðstæðar kröfur um hluthafafundi.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur um hluthafafundi, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 70. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, ef bindandi opinber fyrirmæli ríkisins mæla fyrir um að útgefandi með skráða skrifstofu í viðkomandi ríki skuli hið minnsta birta opinberlega upplýsingar um staðsetningu, tíma og dagskrá hluthafafunda.

26. gr.

Hliðstæðar kröfur um sjálfstæði móðurfélags.

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins telst gera hliðstæðar kröfur um sjálfstæði gagnvart móðurfélagi, sbr. 2. mgr. 91. gr. og 2. mgr. 92. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, ef bindandi opinber fyrirmæli ríkisins mæla fyrir um að rekstrarfélagi eða fjármálafyrirtæki með leyfi til verðbréfavíðskipta skuli vera fjárlst að neyta atkvæðisréttar þeirra eigna sem rekstrarfélagið eða fjármálafyrirtækið stýrir sjálfstætt og óháð móðurfélaginu, undir hvaða kringumstæðum sem er, og að rekstrarfélagið eða fjármálafyrirtækið skuli virða að vettugi hagsmunum móðurfélagsins, eða annars dótturfélags þess, ef til hagsmunaárekstra kemur.

Móðurfélag skal framfylgja ákvæðum a-liðar 1. mgr. 9. gr. reglugerðar þessarar um upplýsingaskyldu gagnvart lögbæru stjórnvaldi. Móðurfélag skal þar að auki lýsa því yfir, vegna sérhvers rekstrarfélags eða fjármálafyrirtækis, að móðurfélagið hlíti skilyrðum 1. mgr. um sjálfstæði.

Óski Fjármálaeftirlitið eftir því skal móðurfélag geta sýnt fram á að ákvæðum 10. gr. reglugerðar þessarar sé framfylgt.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

27. gr.

Lögleiðing.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 65. gr., 76. gr., 98. gr. og 131. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2007/14/EB um nákvæmar reglur um innleiðingu tiltekinna ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/109/EB um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2008 dags. 1. febrúar 2008, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/891/EB um notkun útgefenda með skráða skrifstofu í þriðja ríki á upplýsingum sem samdar eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2007 dags. 8. júní 2007.

28. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll.

Viðskiptaráðuneytinu, 2. júlí 2008.

Björgvin G. Sigurðsson.

Áslaug Árnadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.